

A 1785/vækst

Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um þingmannatillögu um flugnám

Tillaga

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð aðhafist ekkert frekar vegna þingmannatillögu A 1785/ vækst.

Forsaga

Norrænt frelsi hafði skilað nýrri þingmannatillögu um mismun á kröfum í flugnámi á Norðurlöndum og þörf á samræmingu til að tryggja bæði gæði námsins og framboð á flugmönnum í framtíðinni.

Í þingmannatillögunni var lagt til að:

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að kanna framboð og eftirspurn á flugmönnum meðal norrænu flugfélaganna í dag og á komandi árum

að stofna til samtals milli norrænu ríkjanna um að þróa sameiginlega staðla fyrir flugnám, aðgang að flugnámi og fjármögnunarleiðum, svo að flugnám verði sambærilegt við annað nám með almennu aðgengi, til dæmis norrænt verk- og háskólanám

Hér á eftir fylgir röksemdafærsla tillögunnar.

Tækifæri til flugnáms eru mjög ójöfn innan Norðurlanda. Rannsóknir okkar sýna að ójöfnuðurinn liggur ýmist í því hversu margir eru teknir inn, í ójöfnu aðgengi að flugnámi og aðgengi að ríkisstyrkjum eða ríkistryggðum lánum til flugnáms.

Á Grænlandi þurfa þeir flugnemar sem þykja hæfir einungis að greiða helming af námsgjöldum sínum. Það er til að tryggja að þeir flugmenn sem fljúga til og innan Grænlands séu að sem mestu leyti Grænendingar. Þó hefur komið í ljós að margir þeirra sem fljúga á Grænlandi eru sænskir úrvalsflugmenn. Það er að hluta til vegna þess að í Svíþjóð greiðir ríkið fyrir 2 x 20 efnilegustu flugnemana á ári hverju. Þar fyrir utan geta aðrir sótt sér flugmenntun í Svíþjóð og fengið fyrstu 250.000SEK í ríkistryggðum námslánum.



Í hinum norrænu ríkjunum er flugnám fyrst og fremst aðgengilegt fyrir syni og dætur þeirra ríku, þar sem flugnámið kostar í kringum 800.000DKK. Það eru því fáir, og yfirleitt aðeins þeir efnuðu, sem hafa kost á slíkri menntun. Það er því ekki hæfni og geta sem stýra ferðinni, heldur þykktin á veski viðkomandi eða fjölskyldu viðkomandi.

Á sama tíma sjá norrænu flugfélögin fram á skort á flugmönnum í náninni framtíð. Í Danmörku einni mun vanta um það bil 100 flugmenn á næstu árum. Slík staða er ekki sjálfbær og norrænu ríkin ættu því að samræma flugnám á Norðurlöndum, sem og styrkja- og lánleiðir fyrir slíkt nám, svo að tryggja megi að hægt sé að mæta þörfinni fyrir menntaða flugmenn í hverju landi fyrir sig. Þetta ætti að sjálfsögðu að gera í nánu samstarfi við norrænu flugfélögin, sem eru í dag stór og mikilvægur hluti af norrænum innviðum.

Norrænt frelsi telur áriðandi að takast á við þetta mál, þar sem einnig hefur sýnt sig að margir af þeim nemendum sem greiða sjálfir fyrir námið, búa í raun ekki yfir nægilegri hæfni og ættu því ekki að fá inntöku í námið. Skólar sem bjóða upp á flugnám hafa hins vegar hag af því að taka inn sem flesta nemendur og viðhalda þannig tekjum sínum. Flugskólar sýna þar af leiðandi ekki nógu mikla gát við inntöku nýrra nemenda, sem leiðir svo til útskriftar á flugnemum sem ekki eru nógu hæfir. Það er mikilvægt að undirstrika að þessir menntuðu flugmenn ráða líklegast við að fljúga, en öll gerum við miklar kröfur til kunnáttu og hæfni flugmanna. Myndum við samþykka að fara í aðgerð ef við vissum að skurðlæknirinn væri ekki alveg nógu hæfur og hefði ekki fengið bestu menntunina og staðist þyngstu prófin? Hvers vegna ættum við þá að fljúga með flugmönnum sem uppfylla ekki hæfniskilyrðin 100%?

Þegar allt kemur til alls eru mannlíf í húfi, því á hverju ári leggja næstum fjórar milljónir farþega líf sitt í hendur flugmanna og á næstu 18 árum er áætlað að sú tala tvöfaldist nærri því og verði 7,8 milljarðar árið 2036.

Norrænt frelsi er því þeirrar skoðunar að norrænu ríkin ættu að gera samkomulag um að samræma flugnámskerfi og tryggja að hægt sé að mennta nægilega marga flugmenn til að mæta eftirspurn flugfélaganna. Norrænu ríkin ættu einnig að tryggja að flugnám verði aðgengilegt fyrir hæfustu og færustu einstaklingana, annað hvort með því að jafna stöðu flugnáms í samræmi við verk- og háskólanám, eða í það minnsta að tryggja að þeir sem hafi áhuga og getu til flugnáms geti fengið ríkistryggð námslán með lágum vöxtum.

Álit nefndarinnar

Eftir að tillagan var kynnt fyrir Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndinni í janúar 2019, áttu sér stað umræður þar sem meðal annars eftirfarandi sjónarhorn komu fram: Þróunin sýnir að minni þörf verður á flugmönnum í framtíðinni þar sem rannsóknum á gervigreind fleygir fram og margir forðast starfið vegna vinnuaðstæðna. Flugsamgöngur aukast aftur á móti á heildina litið og því verður þörf á mannlegum flugstjórnendum hvort sem er, annars vegar til að koma til móts við óskir farþeganna og hins vegar vegna möguleika á að önnur ríki trufla eða brjótist inn í tölvukerfi flugvélarinnar. Er markaðurinn fyrir flugmenn ekki alþjóðlegur? Jú, en í



ákveðnum tilvikum getur þekking á staðháttum verið kostur þegar veður eru válynd (til dæmis á Grænlandi).

Af hálfu Noregs var þeirri staðhæfingu í tillögunni einnig mótmælt að aðeins ríkra manna börn hefðu efni á flugnámi. Lánasjóður ríkisins veiti lán þeim sem kjósa að læra að fljúga.

Nefndarformaðurinn stakk upp á að nefndin kysi um hvort áfram ætti að vinna með tillöguna eða ekki. Niðurstaðan varð að aðeins Norrænt frelsi (2) studdi tillöguna en aðrir greiddu atkvæði gegn henni (15).

Enginn gerði fyrirvara um tillöguna.

Reykjavík, 22. janúar 2019

Arman Teimouri (L)

Arto Pirttilahti (cent)

Freddy André Øvstegård (SV)

Helge André Njåstad (FrP)

Henrik Brodersen (DF)

Henrik Old (Jvfl.)

Juhana Vartiainen (H)

Juho Eerola (saf)

Lorena Delgado Varas (V)

Martti Talja (cent)

Mattias Karlsson (M)

Mikael Staffas (Lib)

Pyry Niemi (S)

Ruth Mari Grung (A)

Solveig Sundbø Abrahamsen (H)

Stein Erik Lauvås (A)

Tore Storehaug (KrF)